

Föstudaginn 20. maí 1932.

Nr. 82/1930. **Viggó Björnsson, f. h. útbús Útvegs-
banka Íslands h/f, Vestmannaeyjum,
og Símon Guðmundsson**
(Lárus Fjaldsted)
gegn

**Kaupfélaginu Drifanda og Bryngeiri
Torfasyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Fógetaréttarúrskurður um afhendingu fiskjar sem
óveðbundins felldur úr gildi.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 25. sept. 1929:
Hin umbeðna gjörð á að fara fram gegn tryggingu þeirri,
er að ofan greinir.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest í hæstarétti hinn 19.
dezbr. 1930 var mætt í því af hálfu beggja hinna
stefndu en við síðari fyrirtekt málsins var eigi mætt
af hálfu kaupfélagsins Drifanda. Málið hefir því
verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlag-
anna.

Tildrög mál þessa eru þau, að árið 1929 áttu þeir,
meðáfrýjandi, Símon Guðmundsson, og stefndi,
Bryngeir Torfason vélbátinn Tvist V. E. 281 í sam-
eign og gerðu hann út í Vestmannaeyjum í félagi
vetrarvertiðina 1929, og var Bryngeir jafnframt for-
maður á bátnum, en þar eð þá vantaði fé til útgerð-
arinnar fengu þeir það að láni hjá útbúi Útvegs-
bankans gegn 4 víxlum, að upphæð samtals 24,500
kr., útgefnum af Bryngeiri en samþykktum af Si-
moni. Jafnhliða víxillánunum og þeim til trygg-
ingar veðsettu þeir afla bátsins, veiddan og óveidd-
an. Eru veðbréfin 4, svo sem hér segir:

1. Útgefið 8. jan. 1929 veð 150 skpd. fyrir 9000 kr.
2. Útgefið 13. marz s. á. veð 84 skpd. fyrir 5000 kr.
3. Útgefið 11. maí s. á. veð 75 skpd. fyrir 4500 kr.
4. Útgefið 22. s. m. veð 300 skpd. fyrir 6000 kr.

Í þremur fyrstu veðbréfunum er fiskur sá, er þar ræðir um, veðsettur með 1. veðrétti, en í veðbréfinu frá 22. maí eru þar nefnd 300 skpd. veðsett með 2. veðrétti næst á eftir 1. veðrétti í þeim 309 skpd., sem útbúinu hafði áður verið veðsett. Það er tekið fram, að hinn veðsetti fiskur sé geymdur í fiskhúsi þeirra Simonar og Bryngeirs, og í málinu er enginn ágreiningur um það, að fiskur sá, er veiddist á bátinn á vertíðinni og fluttur var í fiskhúsið, hafi eigi numið 300 skpd. af fullverkuðum fiski.

Hinn 27. marz 1929 gaf Bryngeir Torfason kaupfélaginu Drifanda í Vestmannaeyjum veð í 15 skpd. af fiski „af minum bátshluta m/b Tvistur“ til tryggingar úttekt hans hjá kaupfélaginu, en þar sem bréf þetta hefir eigi verið þinglesið og skilyrði fyrir sjálfsvörzluveðsetningu samkv. l. nr. 34, 31. maí 1927 að öðru leyti ekki eru fyrir hendi, er hér eigi um neinn veðrétt að ræða. Engu að síður krafðist framkvæmdarstjóri kaupfélagsins með bréfi, dags. 20. sept. 1929, aðstoðar fógetans til þess að ná þessum 15 skpd. úr höndum Simonar og Bryngeirs. Er krafa þessi var tékin fyrir í fógetarétti Vestmannaeyja hinn 25. s. m. neitaði Simon að láta fiskinn af hendi með því að allur fiskurinn, einnig formannshlutur Bryngeirs, væri veðsettur útbúinu; í fógetaréttinum mætti einnig forstjóri útbúsins og mótmælti hann einnig framkvæmdgjörðarinnar með því allur fiskurinn í fiskhúsinu væri veðsettur útbúinu af þeim Simoni og Bryn-

geiri samkvæmt framannefndum veðbréfum, er hann lagði fram í fógetaréttinum. Bryngeir Torfason, er einnig mætti í fógetaréttinum, hélt því hinsvegar fram, að umrædd 15 skpd. væri formannshlutur sinn af bátnum og því séreign sín og óveðsett útbúinu og hefði sér því verið heimilt að ráðstafa honum til kaupfélagsins.

Virðist fógetinn hafa fallizt á, að umgetin 15 skpd. af fiskinum væri óveðbundin og að Bryngeir hefði ráðstöfunarrétt á þeim. Úrskurðaði hann því að gjörðin skyldi fara fram, þ. e., að 15 skpd. af fiskinum skyldu afhendast kaupfélaginu, þó krafðist hann þess, að gjörðarbeiðandi skyldi afhenda fógetanum 800 kr. til tryggingar því, að veðhafi biði ekki tjón af framgangi gjörðarinnar.

Fógetaúrskurði þessum hafa áfrýjendur skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 23. sept. 1930, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 18. s. m. Hafa síðan farið fram vitnaleiðslur í Vestmannaeyjum og ný skjöl lögð fram í hæstarétti, enda hafa báðir aðiljar lagt fram í réttinum novaleyfi.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, byggir stefndi, Bryngeir Torfason, vörn sína á því, að þau 15 skpd., af verkuðum fiski, er hann hafi gefið kaupfélaginu Drifanda ávísun á, hafi verið formannshlutur sinn á vertíðinni og því séreign sín og óveðsett útbúinu, með því að veðbréfin til útbúsins beri að skilja svo, að í þeim hafi aðeins verið átt við þann afla bátsins, er einstakir hásetar eða aðrir bátsins sem útgerðarmenn hans, en þar sé ekki átt við þann afla bátsins, er einstakir hásetar eða aðrir hafi átt sem sinn hlut, og hefði það verið tilætlunin, að Bryngeir hefði átt að veðsetja einkaeign sína af aflanum fyrir sameiginlegum útgerðarkostnaði, þá

hefði það að sjálfsögðu verið tekið sérstaklega fram í veðbréfunum.

Á þetta verður ekki fallizt. Bryngeir var með-eigandi bátsins og hafði ásamt Símoni tekið að sér solidariska ábyrgð á greiðslu vixilskuldanna við útbúið og hann hafði ásamt Símoni veðsett útbúinu samtals 309 skpd. af þorski og löngu, „sem aflast á mótorbát okkar á yfirstandandi vertið“, svo sem segir í veðbréfunum. Formannshlutar hans var ekki aðgreindur frá öðrum fiski, er aflaðist á bátinn, var verkaður ásamt hinum öðrum fiski og geymdur óaðgreindur frá öðrum fiski þeirra félaga í fiskhúsi þeirra. Og þar sem það er eigi vefengt, að fiskur þessi allur nam ekki hinni veðsettu skippundatölu, hafði veðhafinn, útbú Útvegsbankans, fulla heimild til þess samkvæmt veðbréfunum að telja allan fiskinn veðsettan útbúinu og mótmæla því að nefnd 15 skpd. væru afhent kaupfélaginu.

Það ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella fógetaréttarúrskurðinn úr gildi og dæma stefndu til þess að greiða áfrýjendum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi felldur. Stefndu, kaupfélagið Drifandi og Bryngeir Torfason, greiði in solidum áfrýjendunum, Viggó Björnssyni, f. h. Útbús Útvegsbankans í Vestmannaeyjum og Símoni Guðmundssyni, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þar er gjörðarþoli, Br. Torfason, hefir samþykkt, að gjörð þessi fari fram og þar eð gjörðarþoli, Simon Guðmundsson, hefir ekki fært neinar sönnur á, að hann hafi neinn haldsrétt yfir þessum fiski og þriðji maður ekki heldur, verður gjörð þessi að fara fram. En þar eð ekki er útilokað, að veðhafi kunni að geta beðið tjón af framkvæmd gjörðar þessarar, eða gjörðarþoli, Simon Guðmundsson, sem sameignarmaður að fiskinum af m/b „Tvíst“, þá þykir rétt að gjörðin fari fram gegn tryggingu, sem ákveðst kr. 800,00, sem „deponerast“ í réttarins vörzlur.

Föstudaginn 27. maí 1932.

Nr. 9/1931. **Chr. Fr. Nielsen**
(Stefán Jóhann Stefánsson
gegn

Pétur Á. Ólafssyni o. fl.
(Jón Ásbjörnsson).

Ágóðahluti af húsasölu. Mótkrafa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. ág. 1930: Mál þetta er hafið og málskostnaður falli niður að því er Hallgrím Tulinius, f. h. firmans H. Benediktsson, snertir.

Aðalstefndir, Pétur Á. Ólafsson, Haraldur Árnason, Pétur Þ. J. Gunnarsson og Hallgrímur Benediktsson, greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla aðalstefnandanum, Chr. Fr. Nielsen, kr. 480,00 með 5% ársvöxtum frá 30. ágúst 1929 til greiðsludags og kr. 150,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti hefir áfrýjandi krafizt þess að-allega, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, að stefndu, Pétur Á. Ólafsson, Haraldur Árnason, Pétur Þ. J. Gunnarsson og